

Foreldraráðsfundur 12.03.2019

Fundur settur 16:21

Mætt eru: Anna Lilja, Drífa, Harpa, Sandra og Sindri.

Skóladagatal 2019-2020

Drífa fór yfir drög að skóladagatali Pálmholts fyrir skólaárið 2019 – 2020. Hún fékk drög frá Lundarskóla en starfsdagar þar eru í upphafi og lok skólaárs sem hentar ekki leikskólanum. Það verða því tvær dagsetningar sem verða sameiginlegar milli Pálmholts og Lundarskóla.

Stefnt er að eftirfarandi dögum

- 6. ágúst: opna kl. 10 eftir sumarfrí
- 13. september: Heill starfsdagur til að stilla saman strengi eftir aðlögun og fá námskeið fyrir starfsfólk.
- 17. október: Heill starfsdagur sem er sameiginlegur milli allra leikskóla á Akureyri. Lundarskóli einnig með starfsdag.
- 11. nóvember: Heill starfsdagur í fundi og vinnslu. Lundarskóli einnig með starfsdag.
- 14. febrúar: Loka kl. 12. Dagurinn notaður í vinnslu fyrir foreldrasamtöl.
- 22. apríl og 26. apríl: Lokað vegna námsferðar starfsfólks. Sumardagurinn fyrsti er 25. apríl.
- 26. júní: Loka kl. 14 fyrir sumarfrí.

Nýr leikskóli við Glerárskóla

Drífa sýndi foreldraráði teikningar að nýju leikskólabyggingunni sem verður við Glerárskóla. Teikningar lofa góðu en eru enn í vinnslu og ekki búið að negla niður lokahönnun eða efnivið hússins. Foreldraráð mun fá upplýsingar eftir því sem ferlið vinnst áfram.

Gert er ráð fyrir að nýja byggingin verði tilbúin haustið 2021 og mun þá efra hús Pálmholts loka í kjölfarið. Ekki er búið að taka ákvörðun um hvað verður um neðra húsið annað en það verður nýtt fyrir leikskólabörn. Drífa hefur rætt við Akureyrarbæ um að haldinn verði fundur með foreldrum barna í Pálmholti þegar ákvarðanir hafa verið teknar.

Fundi slitið 17:25